

AUGLÝSING

um breytingu á auglýsingu nr. 575/1991 um reglur varðandi einkaleyfaumsóknir, með síðari breytingum.

1. gr.

2. mgr. 3. gr. orðist svo:

Sænska einkaleyfastofan (Patent och registreringsverket-PRV), Evrópska einkaleyfastofan (European Patent Office-EPO) og Norræna einkaleyfastofnunin (Nordic Patent Institute-NPI) eru, að vali umsækjanda, alþjóðlegar nýnæmisrannsóknar- og forathugunarstofnanir fyrir alþjóðlegar umsóknir sem Einkaleyfastofan veitir viðtöku. Þegar þess er óskað að Sænska einkaleyfastofan framkvæmi nýnæmisrannsókn eða forathugun á alþjóðlegri umsókn skal umsóknin lögð inn á dönsku, norsku, sænsku eða ensku. Þegar þess er óskað að Evrópska einkaleyfastofan annist þessar rannsóknir á alþjóðlegri umsókn skal umsóknin lögð inn á ensku. Þegar þess er óskað að Norræna einkaleyfastofnunin annist þessar rannsóknir á alþjóðlegri umsókn skal umsóknin lögð inn á dönsku, ensku, íslensku, norsku eða sænsku.

2. gr.

2. mgr. 37. gr. auglýsingarinnar orðist svo:

Ef einkaleyfisumsókn er ekki á tungumáli, sem viðurkennt er af alþjóðlegri stofnun er annast nýnæmisrannsókn (þ.e. Sænsku einkaleyfastofunni, Evrópsku einkaleyfastofunni eða Norrænu einkaleyfastofnuninni), skal þýðing á tilskilið tungumál fylgja kröfu um alþjóðlega nýnæmisrannsókn, sbr. 3. gr.

3. gr.

Framangreindar breytingar öðlast gildi 1. janúar 2008.

Iðnaðarráðuneytinu, 7. desember 2007.

Össur Skarphéðinsson.

Kristján Skarphéðinsson.